



Fréttabréf Brekkuskóla

1. febrúar 2013
4. tbl. skólaárið 2012-2013
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Skólastarfið fór af stað af fullum krafti á nýju ári. Nýverið bættust við starfsmenn í hópinn. Það eru þau Smári Rafn Teitsson kennari í 7. bekk, Guðbjörn Hólm Veigarsson skólaliði, Ulrika Nordblom skólaliði og Þórir Freyr Flosason skólaliði. Telma Ýr Óskarsdóttir leiklistarkennari er á leið frá okkur og vonumst við til að geta ráðið annan leiklistarkennara í hennar stað mjög fljótlega.

Nokkuð hefur verið um að kennaranemar frá háskólunum komi til okkar í heimsókn. Nemarnir eru flestir hjá okkur í 2-5 daga og fá að fylgjast með skólastarfinu og kynnast því hvernig við störfum í námi og kennslu.

Nemendum hefur fjölgað aðeins frá í haust og teljast nú 484. Drengirnir eru 247 og stúlkurnar 237 talsins.

Skólaþing Brekkuskóla fór fram í janúar og tókst það mjög vel. Sjá umfjöllun hér aftar í blaðinu.

Elstu nemendur leikskóla bæjarins hafa nú þegar komið til okkar í sína fyrstu heimsókn. Þeir fengu leiðsögn um skólann og léku sér um stund í Frístund. Eftir stutta kynningu frá aðstoðarskólustjóra og forstöðukonu Frístundar fengu þau ávöxt og upplýsingablað um undirbúning grunnskólagöngunnar. Alls hafa 48 leikskólabörn heimsótt okkur að þessu sinni.

Það eru ekki bara nemendur leikskóla og skóla sem fara í heimsóknir. Kennarar 1. bekkja voru einn dag í leikskólanum Hólmasól að kynna sér starfsemina þar. Kennaraheimsóknirnar er einn liður í samstarfi grunn- og leikskóla.

Margar skemmtilegar upptökur hafa verið að undanförunu. Má þar nefna uppgjör á verkefninu "Leifur heppni" í 5. bekk og sýningar leikhópa á sviði sem hafa verið að æfa í leiklistartímum hjá Telmu Ýr. Morgunmóttökur eru á sýnum stað og nú síðast í dag notuðu foreldrar tækifærið og ræddu tölvuleikjanotkun.

Sérkennarar skólans fengu afhenta spjaldtölvu til afnota og endurmenntunar. Í kjölfarið fóru þeir á námskeið í Símei þar sem farið var í annars vegar grunnþætti spjaldtölvunotkunar og hins vegar notkun spjaldtölvu í sérkennslu. Nú þegar eru kennararnir farnir að spreyta sig á hinum ýmsu "öppum" og miðla sín á milli reynslu og þekkingu.

Framundan í febrúar er síðan vetrarleyfi dagana 13. - 15. febrúar

Með kveðju úr skólanum!

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólustjóri

NORDPLUS



Dagana 31. janúar til 5. febrúar koma til okkar gestir á vegum Nordplus. Gestirnir eru frá *Lettlandi og Noregi*. Samstarf okkar við þessar þjóðir byggir á þróun rafrænnar kennslu og námi í skólastarfinu. Þessi fyrsti fundur snýr að undirbúningi að samstarfinu og komast að niðurstöðu um það hvaða leiðir við viljum fara í framkvæmdinni. Við munum stolt sýna þeim hvaða skref við höfum þegar tekið með því að fara með þeim í kennslustundir þar sem notkun rafrænnar tækni er nýtt með mismunandi hætti.

Myndataka — Myndir

Foreldrar geta fengið keyptar myndir af börnum sínum og bekk/árgangi þeirra.

Pakkinn fyrir hvern nemanda inniheldur:

Bekkjarmynd í str. 20x25cm með nöfnum allra nemenda ásamt kennara

Einstaklingsmynd, 1 stk. 13x18cm og 2 stk. 10x15cm

Samanlagt kostar þetta 3500.- kr. (Ef foreldrar eiga fleiri en 2 börn á myndunum greiðist eingöngu fyrir 2 börn og svo eru myndir fyrir hvert barn umfram það fríar)

Eftir um það bil tvær vikur fá foreldrar senda vefslóð í netpósti frá skólanum þar sem allar myndir bekkjarins birtast. Hægt verður að panta þær á vefsíðu ljósmyndarans og greiða með millifærslu. Myndirnar verða svo afhentar í skólanum þegar þær eru tilbúnar. Allar frekari upplýsingar verða sendar foreldrum í netpósti þegar þær að kemur.



Verkefnið "Leifur heppni" í 5. bekk — foreldrar meta kynningu nemenda

Brekkuskóli

v/Skólástíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill – Febrúar 2013

					1. Skr, brauð, álegg, salat og ávextir Morgunmóttaka hjá 7. og 8. bekk	2.
3.	4. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	5. Kjötbollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	6. Tómat-karrý ýsa, kartöflur, salat og ávextir	7. Lambapottréttur, kartöflumús, salat og ávextir	8. Pastaréttur, brauð, salat og ávextir	9.
10.	11. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Bolludagur	12. Saltkjöt og baunir—túkall og ávextir Sprengidagur	13. Öskudagur Vetrarfrí	14. Vetrarfrí	15. Vetrarfrí	16.
17.	18. Kjötbúðingur, kartöflur, grænar baunir, rauðkál, salat og ávextir	19. Steiktur silungur og steiktur fiskur, kartöflur, salat og ávextir	20. Kjöt í karrý, hrísgrjón, salat og ávextir	21. Spaghetí ýsa, kartöflur, salat og ávextir	22. Stafasúpa, brauð, salat og ávextir Morgunmóttaka hjá 6. bekk	23.
24.	25. Fiskibúðingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	26. Kjöt og kjötsúpa, grænmeti og ávextir Morgunmóttaka hjá 5. bekk	27. Pita, grænmeti og ávextir	28. Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	1. mars	

Myndir frá skólapingi



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Skólabing Brekkuskóla 2013



Þriðjudaginn 22. janúar var haldið skólabing í Brekkuskóla. Þar komu saman um 50 manns til að ræða áherslur í skólastarfinu. Markmiðið var að skapa grundvöll fyrir skoðanaskipti og samræðu fulltrúa allra sem að skólanum koma; nemenda, foreldra og starfsfólks.

Hugmyndin að þessu þingi kviknaði á fundi í skólráði nú í haust og var kveikjan ný aðalnámskrá grunnskóla sem Brekkuskóli eins og allir aðrir grunnskólar vinna nú að því að innleiða. Í námskránni er mikil áhersla lögð á samstarf og samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólks skólans. Það er hverju skólasamfélagi mikilvægt að skólinn sé stofnun sem við getum öll sameinast um. Við höfum öll skoðun á því hvernig skólinn á að vera.


Helgi Þ. Svavarsson foreldri í skólanum aðstoðaði við útfærslu og framkvæmd þingsins en undirbúningur fór þannig fram að umræðuefnið var kynnt í fréttabréfi skólans fyrir foreldrum og starfsfólki, en nemendur í 3.–10. bekk undirbyggðu sína þingmenn með aðstoð kennara.

Á þinginu völdu þingmenn síðan eina af fjórum stöðvum þar sem ákveðið efni var til umræðu: Nám og kennsla, mat og þróun, skólabragur og skólasamfélag. Þingmenn létu hugmyndir sínar í ljós á miðum sem voru hengdir upp og flokkaðir eftir efni. Í gegnum þessa vinnu sköpuðust góðar umræður í hópunum. Í lokin voru hugmyndir hvers hóps kynntar. Útkoman var hugmyndabanki sem styrkir enn frekar undirstöður skólastarfsins og nýtist til að gera góðan skóla enn betri. Hugmyndabankinn verður nýttur við endurskoðun á skólanámskránni.

Það var mat þeirra sem sátu þingið að vel hefði tekist til og full ástæða til að viðhafa svona vinnubrögð í framtíðinni. Það er mikilvægt að skapa grundvöll fyrir lýðræðislega umræðu innan hvers skólasamfélags.

Á næstu mánuðum munu birtast í fréttabréfinu nánari upplýsingar um úrvinnslu frá þinginu.

Okkur langar að þakka öllum sem tóku þátt í þinginu kærlega fyrir þeirra framlag.



Fleiri myndir frá skólabingi á
www.brekkuskoli.is